

Umboðsmaður skuldara
07 341

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Umboðsmaður skuldara
kt. 660710-1080
Kringlunni 1, 103 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Umboðsmaður skuldara er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um umboðsmann skuldara nr. 100/200.

Verkefni stofnunarinnar byggja á lögum um greiðsluaðlögun nr. 101/2010 og lögum nr. 9/2014 um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta. Einnig að gæta hagsmuna skuldara og veita þeim aðstoð þegar við á og veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluferfiðleikum endurgjaldslausu aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar m.a. með milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna með hagsmuni skuldara að leiðarljósi.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 29 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 283,3 milljónir og afkoma kr. -3,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 8,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 58,5 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Umboðsmanns skuldara í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Umboðsmanns skuldara fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Ásta S. Helgadóttir
Umboðsmaður skuldara

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	273.100.000	280.700.000
Framlög og ýmsar tekjur	3	8.000.000	15.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	2.214.903	2.256.196
Tekjur samtals		<u>283.314.903</u>	<u>297.956.196</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	202.565.784	202.175.274
Framlög og tilfærslur	5	10.823.840	7.950.000
Annar rekstrarkostnaður	6	71.488.241	65.204.172
Afskriftir	7	2.214.903	2.256.196
Gjöld samtals		<u>287.092.768</u>	<u>277.585.642</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(3.777.865)	20.370.554
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(249)	(24.291)
		<u>(249)</u>	<u>(24.291)</u>
Afkoma ársins		<u>(3.778.114)</u>	<u>20.346.263</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(17.454.274)	3.296.263
Rekstrartilfærslur		13.676.160	17.050.000
		<u>(3.778.114)</u>	<u>20.346.263</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		1.861.081	2.703.242
Fastafjármunir samtals		<u>1.861.081</u>	<u>2.703.242</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	9	55.412.159	62.307.436
Handbært fé		1.244.977	1.467.794
Veltufjármunir samtals		<u>56.657.136</u>	<u>63.775.230</u>
Eignir samtals		<u><u>58.518.217</u></u>	<u><u>66.478.472</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Hrein eign		8.355.846	20.360.223
Eigið fé samtals		<u>8.355.846</u>	<u>20.360.223</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	16.189.737	1.950.251
Viðskiptaskuldir		6.956.996	5.478.170
Ýmsar skammtímaskuldir	11	23.775.296	34.234.583
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	3.240.342	4.455.245
Skuldir samtals		<u>50.162.371</u>	<u>46.118.249</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>58.518.217</u></u>	<u><u>66.478.472</u></u>
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(3.778.114)	20.346.263
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	2.214.903	2.256.196
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		<u>(2.214.903)</u>	<u>(2.256.196)</u>
		(3.778.114)	20.346.263
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		12.535.758	(19.439.854)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>(8.980.461)</u>	345.841
		3.555.297	(19.094.013)
		<u>(222.817)</u>	<u>1.252.250</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	<u>(1.372.742)</u>	0
		(1.372.742)	0
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		372.742	
Fjárfestingarframlag		<u>1.000.000</u>	0
		1.372.742	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(222.817)	1.252.250
		1.467.794	215.544
		<u>1.244.977</u>	<u>1.467.794</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluvegi og er hluti af afkomu ársins.

Skýringar

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	273.100.000	280.700.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	2.214.903	2.256.196
	<u>275.314.903</u>	<u>282.956.196</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádrögnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	248.600.000	24.500.000	0	273.100.000
Fjárveiting til tekna	248.600.000	24.500.000	0	273.100.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádrögnum sértekjum	(266.054.274)	(10.823.840)	0	(276.878.114)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(17.454.274)	13.676.160	0	(3.778.114)

	2020	2019
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	8.000.000	15.000.000
	<u>8.000.000</u>	<u>15.000.000</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	161.828.022	163.524.625
Orlof, breyting	2.910.157	(530.438)
Launatengd gjöld	36.987.590	37.445.912
Starfsmannakostnaður	840.015	1.735.175
	<u>202.565.784</u>	<u>202.175.274</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	15,4	15,3
------------------------------	------	------

5 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur aðrir	10.823.840	7.950.000
	<u>10.823.840</u>	<u>7.950.000</u>

	2020	2019
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	346.013	596.482
Ýmis tæki og áhöld	259.999	100.997
Orkugjafar	0	743
Matvæli	2.341.905	2.441.862
Almennar rekstrarvörur	515.931	71.528
Vörukaup, almenn	3.469.833	3.211.612
Ýmsar sérgreindar vörur	31.239	0
Vörukaup, sérgreind	31.239	0
Fundir, námskeið, risna	225.260	582.937
Ferðir, uppihald	0	387.934
Akstur	45.060	167.711
Sérfræðiþjónusta	20.693.720	12.229.978
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	21.055	12.731
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	3.238.998	1.568.955
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.041.542	2.379.903
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	26.265.635	17.330.149

Skýringar

	2020	2019
6 Annar rekstrarkostnaður (frh)		
Afnotagjöld	23.228.654	27.453.773
Leigugjöld	13.804.853	12.593.104
Notkun véla og flutningatækja	24.000	0
Verkkaup	2.332.523	2.190.905
Kostnaðarhlutdeild	2.331.504	2.424.629
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	41.721.534	44.662.411
Annar rekstrarkostnaður samtals	71.488.241	65.204.172
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	2.175.510	2.256.196
Sölutap og úreltar eignir	39.393	0
	2.214.903	2.256.196
	31.12.2020	31.12.2019
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	1.861.081	2.703.242
	1.861.081	2.703.242
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:		
		Áhöld, tæki og búnaður
Staða 1.1.2020		18.622.664
Viðbætur á árinu		1.372.742
Selt/niðurfært á árinu		(2.227.722)
		17.767.684
Afskriftir 1.1.2020		15.919.422
Selt/niðurfært á árinu		(2.188.329)
Afskrift ársins		2.175.510
		15.906.603
Staða 31.12.2020		1.861.081
	31.12.2020	31.12.2019
9 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	55.412.159	47.307.436
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	0	15.000.000
	55.412.159	62.307.436
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	16.189.737	1.950.251
	16.189.737	1.950.251
10 Eigið fé		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	20.360.223	13.960
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(8.226.263)	0
Afkoma ársins	(3.778.114)	20.346.263
Jöfnuður 31.12.	8.355.846	20.360.223

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
11 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	23.466.980	20.556.823
Ógreidd laun	0	277.760
Önnur ógreidd gjöld	308.316	13.400.000
	<u>23.775.296</u>	<u>34.234.583</u>

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	1.861.081	2.703.242
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	1.379.261	1.752.003
	<u>3.240.342</u>	<u>4.455.245</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	2.703.242	1.752.003	4.455.245
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	1.000.000	1.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	1.372.742	(1.372.742)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(2.214.903)	0	(2.214.903)
	<u>1.861.081</u>	<u>1.379.261</u>	<u>3.240.342</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 0,5 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2021 og einnig ýmsa aðra samninga s.s. þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 15,5 milljónum og vegna annara samninga kr. 27,9 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.